

Fjarðabyggð
Aron Leví Beck Rúnarsson
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 31. júlí 2023
UST202306-416/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Austurhluti Breiðdalsvíkur - íbúðar- og atvinnuhúsnæði Fjarðabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 27. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir austurhluta Breiðdalsvíkur.

Í greinargerð kemur fram skipulagssvæðið er um 9,5 ha að stærð og gerir ráð fyrir íbúðar- og atvinnusvæði sem er að hluta byggt. Auk þess kemur fram að innan svæðisins eru: Íbúðabyggð (ÍB-602 Sólbakki, Sólheimar, Selnes), Samfélagsþjónusta (S-600 Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli), Opin svæði (OP-604 Bakkinn við Sólvelli) og Opin svæði (OP-603 Við Drangalæk).

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé ítarlegar um fráveitumál í greinargerð deiliskipulagsins. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Gera þarf ítarlegar grein fyrir fráveitumannvirkjum í skipulagsáætlunum sveitarfélagsins og þeim umbótum sem nauðsynlegar eru. Sérstaklega í ört stækkandi þéttbýli þar sem veiturnar þurfa að fylgja eftir auknum fjölda íbúa. Frestur til að koma á hreinsun á fráveituvatni skv. reglugerðinni rann út árið 2005 og því mikilvægt að slá ekki mikilvægum umhverfisumbótum enn frekar á frest.

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar er engin hreinsun á fráveituvatni frá þéttbýlinu. Slíkt er ekki í samræmi við kröfur laga og veldur auk þess mikilli umhverfismengun. Í fráveituvatni í dag er ekki eingöngu lífrænt efni heldur einnig t.d. rusl, lyfjaleifar og örplast og því gríðarlega mikilvægt að gera úrbætur sem fyrst.

Blágrænar ofanvatnslausnir

Samhliða uppbyggingu í sveitarfélaginu og úrbótum er mikilvægt að aðskilja regn- og skólþvotn til að minnka umfang fráveitunnar.

Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að skoða aðrar náttúrulegar lausnir, t.d. blágrænar ofanvatnslausnir fremur en að veita ofanvatni í fráveitu sveitarfélagsins. Of mikið aðkomuvatn í fráveitukerfi eykur kostnað við fráveituhreinsun og þyngir reksturinn. Hægt væri að gera ráð fyrir hreinsivirki sem er minna umfangs ef hægt væri að koma ofanvatni í annan umhverfissvænni farveg. Þá skal auk þess vekja athygli á því að mikill hluti rusls kemur með ofanvatni og því þarf að gera ráð fyrir hreinsun á því, t.d. með settjörnum í stað hreinsivirkis.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur